

Nd.

22. Frumvarp til laga

um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Flm.: Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson, Pétur Ottesen, Garðar Þorsteinsson,
Thor Thors, Sigurður E. Hliðar.

1. gr.

Frá 1. janúar 1938 skal niður falla útflutningsgjald af hverskonar islenzkum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem ræðir um í 2. gr. laga nr. 63 28. janúar 1935, um útflutningsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu hefir verið flutt á þrem næstliðnum þingum. Hafa stjórn-
arflokkarnir í öll þessi skipti haft samtök um að hefta framgang þess.

En nú hefir sú breyting á orðið, að þingmenn úr þessum sömu flokkum hafa lýst
því yfir, bæði utan þings og innan, að gjald þetta eigi ekki nú orðið við neinn rétt
að styðjast, og sé því sjálfsagt að fella það niður. Má af þessum ástæðum telja lík-
legt, að frv. þetta nái nú að verða að lögum.

Að öðru leyti vísast til greinargerða, er fylgdu frv. á síðasta þingi og við flutn-
ing þess árin 1935 og 1936.